

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1034/2010

2012/EES/7/51

frá 15. nóvember 2010

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1082/2003 að því er varðar eftirlit varðandi kröfurnar fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-
sambandsins,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)
nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 um að koma á kerfi fyrir
auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar
nautakjöts og nautakjötsafurða og niðurfellingu á reglugerð
ráðsins (EB) nr. 820/97 ⁽¹⁾, einkum inngangsorð 10. gr. og d-lið
hennar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1082/2003 frá 23. júní 2003 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 að því er varðar lágmarkseftirlit sem fara skal fram í tengslum við kerfið fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa ⁽²⁾ er mælt fyrir um lágmarkskröfur er varða slíkt eftirlit.
- 2) Sú reynsla sem fengist hefur í kjölfar framkvæmdar vettvangsskoðana sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1082/2003, eins og fjallað er um í ársskýrslunum, og framkvæmdar vettvangseftirlits með sauðfé og geitum, sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1505/2006 ⁽³⁾, styður að minnka megi það hlutfall bújarða sem skoða skal á hverju ári og dýra sem hafa skal eftirlit með. Almenn regla er að eftirlitið skuli ná til allra dýra á bújörðinni. Að því er varðar bújarðir með fleiri en 20 dýr skal lögbæru yfirvaldi þó heimilt að takmarka eftirlitið við viðeigandi dæmigert úrtak dýranna.
- 3) Í reglugerð (EB) nr. 1082/2003 er að auki kveðið á um að aðildarríki skuli leggja árlega skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við fyrirmyndina í I. viðauka við reglugerðina, með upplýsingum um framkvæmd eftirlitsins.
- 4) Söfnun gagna vegna ársskýrslunnar skal vera fullnægjandi og í réttu hlutfalli við þau markmið sem stefnt er að. Til að skýrslugjöfin verði markvissari og hlutfallslegri skal einfalda tilteknar kröfur í reglugerð (EB) nr. 1082/2003 og

einnig fyrirmyndina sem sett er fram í I. viðauka hennar svo að auðveldara sé að veita viðeigandi upplýsingar um framkvæmd eftirlitsins.

- 5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1082/2003 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um landbúnaðarsjóði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1082/2003 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. og 2. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„1. Lögbært yfirvald skal annast eftirlit árlega sem skal taka til a.m.k. 3 % bújarða.

2. Ef eftirlitið, sem kveðið er á um í 1. mgr., leiðir í ljós verulegan fjölda tilvika þar sem ekki er farið að ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1760/2000 skal auka lágmarkshlutfall eftirlits á næsta árlega skoðunartímabili á eftir.“

- 2) Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr:

Lögbært yfirvald skal hafa eftirlit með auðkenningu allra dýra á bújörðinni.

Ef fjöldi dýra á bújörðinni fer yfir 20 er lögbæru yfirvaldi þó heimilt að ákveða eftirlit með auðkennismerkjum dæmigerðs úrtaks þeirra dýra í samræmi við alþjóðlega viðurkennda staðla, að því tilskildu að fjöldi dýra sem eftirlit er haft með sé nægilegur til að greina 5% tilvika þar sem umsjónarmenn téðra dýra fara ekki að ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1760/2000 með 95% öryggismörkum.“

- 3) Í stað b-liðar 1. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„b) fjöldi bújarða sem eftirlit hefur verið haft með,“

- 4) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 298, 16.11.2010, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2011 frá 21. október 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 70, 22.12.2011, bls. 4.

(1) Stjtið. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1.

(2) Stjtið. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 9.

(3) Stjtið. ESB L 280, 12.10.2006, bls. 3.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í stað I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1082/2003 komi eftirfarandi:

„I. VIÐAUKI

Skýrsla um niðurstöður eftirlits sem fram fór í samræmi við I. bálk reglugerðar (EB) nr. 1760/2000

1. Almennar upplýsingar um bújarðir og dýr

Heildarfjöldi bújarða í aðildarríkinu í upphafi skýrslutímabilsins ⁽¹⁾	
Heildarfjöldi bújarða sem eftirlit var haft með á skýrslutímabilinu	
Heildarfjöldi dýra sem skráð voru í aðildarríkinu í upphafi skýrslutímabilsins ⁽¹⁾	
Heildarfjöldi dýra sem eftirlit var haft með á bújörðum á skýrslutímabilinu	

⁽¹⁾ Eða önnur viðmiðunardagsetning í hverju aðildarríki fyrir sig varðandi tölfræðilegar upplýsingar um dýr

2. Tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1760/2000

Bújarðir þar sem ekki er farið að ákvæðum	
---	--

3. Viðurlögum sem beitt er í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 494/98 (*)

	Sýkt dýr	Sýktar bújarðir
1. Takmarkanir á flutningum á einstökum dýrum		
2. Takmarkanir á flutningum á öllum dýrum á bújörðinni		
3. Eyðing dýra		
Alls		

(*) 3. Stjtið. EB L 60, 28.2.1998, bls. 78.’